

Reifun á úrskurði nr. 6/2015 - Búslóð

X kærði ákvörðun Tollstjóra um að hafna beiðni um undanþágu frá almennum skilyrðum tollfrelsis búslóða. X sem flutt hafði ásamt fjölskyldu sinni til landsins árið 2012 hafði flutt inn hluta búslóðar við komu til landsins en haldið eftir hluta búslóðarinnar erlendis. Upphaflega stóð til að búa tímabundið á landinu en árið 2015 óskaði X eftir því að flytja tollfrjálst til landsins þann hluta búslóðarinnar sem varð eftir. X taldi að aðstaða fjölskyldunnar félli undir undanþáguákvæði frá meginreglu um tollskyldu í reglugerð um ýmis tollfríðindi.

Niðurstaða: Tollstjóri vísar til 4. tölul. 1. mgr. 16. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 16. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008 hvað varðar skilyrði fyrir tollfrjálsum innflutningi búslóða. Tollstjóri telur að með framlögðum gögnum hafi X sýnt nægilega fram á að upphaflega hafi ætlunin verið að dvelja í skemmri tíma á landinu en að síðar hafi dvölin framlengst til varanlegrar búsetu. Því telji Tollstjóri rétt eins og máli þessu var háttað að veita X undanþágu skv. 2. másl. 4. tölul. 1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar.